



1512. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
8.6.2011, kl. 12:00

Frímenn Ari Ferdinandsen

1. Fundargerð 1511. fundar

Samþykkt.

2. Verkaskipting - skipurit

Ný drög rædd og samþykkt. Í umræðum kom m.a. fram mikilvægi sveigjanleika í tilfærslu verkefna og reglulegrar endurskoðunar á skipuriti í ljósi reynslunnar hverju sinni.

3. Rugbyfélag Reykjavíkur – aðild að ÍBR

Samþykkt.

4. Vinnuhópur um tennismannvirki

Samþykkt að skipa Ingvar Sverrisson, Sigfús Ægi Árnason og fulltrúa þeirra þriggja félaga sem hafa tennis innan sinna vébanda (Fjölnir, Víkingur, Þróttur) í vinnuhópinn.

5. Önnur mál

- Samþykkt að skipa Ingvar Sverrisson í vallarstjórn Laugardalsvallar.
- Samþykkt að senda erindi til ÍTR þar sem er lögð áhersla á að fara yfir vinnureglur Laugardalshallar.
- Samþykkt að senda erindi til ÍTR þar sem óskað er eftir að fundnar verði lausnir á bílastæðavandamálum í tengslum við íþróttaviðburði.
- Samþykkt að senda ÍTR erindi um að stofna og fara fyrir Laugardalsnefnd þ.e. nefnd sem í eiga sæti fulltrúar mannvirkja í Laugardalnum. Tilgangur nefndarinnar væri m.a. að auka samvinnu milli aðila og yfirsýn yfir hvaða viðburðir eru í gangi hverju sinni í dalnum.
- Minnt á forsyningu Melavallarmyndar.
- Útivistardagur starfsfólks og stjórnar ÍBR verður miðvikudaginn 29. júní.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 13:10.

Gígja Gunnarsdóttir
fundarritari